



Frá skólastjóra

Eftir umhleyplingasama mánuði eru dagarnir farnir að lengjast og farið er að sjást til sólar. Margt hefur verið um að vera í skólanum síðustu vikur eins og fram kemur hér í bréfinu. Þemadagarnir og árshátíð unglingastigsins tókust mjög vel og var mikil gleði hér í skólanum þá daga sem þessir viðburðir voru.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra páska og hlakka til að sjá nemendur þriðjudaginn 19. apríl.

María Jónsdóttir

Stóra upplestrar keppnin innan Vatnsenda-skóla fór fram 3. mars sl. en markmið hennar er að vekja athygli og áhuga á vönduðum upplestri og framburði. Það voru 7 nemendur í 7. árgangi skólans sem tóku þátt og úr þeim hópi voru valdir tveir nemendur. Þeir voru fulltrúar skólans í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í Salnum í Kópavogi 24. mars. Þar kepptu tveir fulltrúar frá hverjum grunnskóla í Kópavogi. Fulltrúar Vatnsendaskóla að þessu sinni voru Fjóla Kristín og Mikael Bjarki. Við erum afar stolt af keppendunum okkar sem stóðu sig með mikilli þryði. Við óskum þeim til hamingju með árangurinn og þökkum þeim fyrir sitt framlag fyrir hönd skólans.




Erasmus + The Final Countdown og Eco Thinking For Eco Living

Í mars fóru Jóa og Sigrún til Portúgal TFC (27.03-02.04) í Erasmus+ verkefninu TFC þar sem þær hittu kennara og ffengu fræðslu um endurnýtingu sorps, hringrás endurvinnslu og loftlagsmál í Portúgal.

Ingunn og Álfheiður fara til Frakklands ETEL (25.04-30.04) með fimm nemendur. Yfirskrift heimsóknarinnar í Frakklandi er **e-waste** (Electronic waste). Það eru því spennandi verkefni framundan hjá okkur.

Erasmus+ Ferð til Tyrklands 19.-26. febrúar 2022

Mjög lærdómsrík og skemmtileg ferð var farin til Tyrklands á dögunum, nánar tiltekið til Gaziantep. Margt áhugavert var skoðað í sambandi við fornminjar, listir, sögu, umhverfismennt, flokkun á rusli og mikilvægi þess að ganga vel um jörðina okkar. Yfirskriftin heimsóknarinnar var 4R (Reduce, Reuse, Recycle, Respect).



Mikilvægar dagsetningar apríl

11.-18. apríl **Páskafri**

19. apríl **Skóli hefst á ný**

21. apríl **Sumardagurinn fyrsti**

25.-30. apríl Erasmus+ Frakkland



Góð-

gerðasöfnun skólans fór fram í
desember'21 og janúar'22.

Alls söfnuðust 27.373 kr.

Við þökkum þeim sem að lögðu söfnun-
inni lið kærlega fyrir þátttökuna. Upp-
hæðin hefur verið lögð inn á félagið.

Barnaþing Kópavogsbæjar

Kópavogsbær hefur hlotið viðurkenningu UNICEF sem
Barnvænt sveitarfélag og sem slíkt leitar það leiða til að
auka lýðræði meðal grunnskólabarna í Kópavogi.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna eru lög um mann-
réttindi sem snúa sérstaklega að börnum og ungmennum að 18 ára aldri. Barnasáttmál-
inn var lögfestur á Íslandi árið 2013 og samanstendur af 54 greinum. Í innleiðingaferli
Barnasáttmálans var markvisst leitað eftir hugmyndum barna frá aldrinum 9 – 15 ára.
Spurt var hvernig þau teldu best að hafa áhrif á málefni sveitarfélagsins. Eftir úrvinnslu
hugmynda barnanna var ákveðið að á hverju vormisseri standi mennta- og stjórnsýslu-
svið Kópavogsbæjar fyrir barnaþingi þar sem ræddar eru tillögur og hugmyndir sem
sendar hafa verið inn frá börnum í hverjum skóla. Á barnaþing mæta fulltrúar frá hverjum
grunnskóla auk fulltrúa frá ungmenningaráði. Að afloknu þingi verða tillögur barnanna
dregnar saman og lagðar fyrir bæjarstjórn. Lýðræðisleg þátttaka barna og ungmenna í
nærsamfélaginu tengist jafnframt lokamarkmiðum lykilhæfni aðalnámskrár grunnskóla.
Þá tengist lýðræðisleg þátttaka barna í samfélaginu ekki síst 12. og 13. grein Barnasátt-
málans. Til að undirbúa nemendur fyrir þingið þá héldum við í Vatnsendaskóla ár-
gangaþing í lok janúar. Þar ræddu nemendur hvað væri gott við skólann og hvað mætti



bæta. Margar góða hugmyndir og úrbætur komu fram og
erum við strax farin að huga að þeim.




Eftir árgangaþing gátu nemendur í 5.-10.árgang boðið sig
fram til að vera fulltrúar Vatnsendaskóla á Barnaþingi Kópa-
vogs. Fjöldi nemenda bauð sig fram. Ívar Þórisson úr
5.árgangi og Kristinn Rafn Hilmarsson úr 9.árgangi hlutu það
hlutskipti að vera fulltrúar Vatnsendaskóla í ár. Þeir stóðu sig
með þryði og komu málefnum nemenda á framfæri. Við
þökkum þeim kærlega fyrir þeirra framlag.

Break-Out verkefni á elsta stigi




Break-out verkefni í 10. árg. snýst um það að nem-
endur komast inn á skrifstofu Brynjólfs yfirlæknis á
spítalanum og eiga að finna Masterlykilinn til þess að
brjótast út. Á skrifstofunni eru vísbendingar sem nem-
endur þurfa að átta sig á til þess að opna mismunandi
lása og sá hópur sem kemst út á sem stystum tíma,
vinnur að sjálfsögðu til verðlauna. Hægt er að fá vís-
bendingar en það kostar einhverjar mínútur. Nemendur hafa skemmt sér mjög vel í
þessu verkefni.

Annað verkefni hefur verið í gangi hjá 9. árg. en það
snýst um seinni heimstyrjöldina. Megintilgangurinn
með þessari vinnu er æfing í hópavinnu, sam-
skiptum, þrautseigju og þolinmæði ásamt skemmtun
og uppbroti.



Bók mánaðarins



Sprakkar merkir „kvenskörungar“. Í bókinni fjallar Eliza Reid um margvísleg mál sem snúa að lífi og störfum kvenna á Íslandi. Hún ræðir við konur á ólíkum sviðum þjóðlífsins. Þær hafa frá mörgu að segja og koma víða við í spjalli um stöðu kynjanna, atvinnulífið, móðurhlutverkið og ótalmargt fleira. Brugðið er upp litríkri mynd af íslensku nútímasamfélagi, kostum þess og göllum, og rýnt í það sem enn er óunnið í jafnréttismálum.

Þemadagar

Þemadagar í Vatnsendaskóla voru dagana 23. og 24. mars. Þema þetta árið var heilbrigður lífstíll og hreyfing. Við þökkum bekkjarfulltrúum og foreldrum kærleg fyrir að leggja okkur lið með að gera þessa daga eins skemmtilega eins og raun bar vitni. Allir nemendur og kennarar voru himinlifandi með þessa daga. Nemendur fengu að spreyta sig í margskonar hreyfingu eins og skotfimi, þrautabraut, keilu, gryfjubolta, bandy, boccia og margt annað. Einnig fengu nemendur fjölbreytta fræðslu um heilsu, næringu og mikilvægi svefns, allt eftir aldri og þroska nemenda.

Takk fyrir samvinnuna, saman gerum við góðan skóla enn betri.

Samfélagslöggurnar

Samfélagslöggurnar Hreinn og Unnar heim sóttu 8. bekkinn mánudaginn 28. mars og ræddu við nemendur um samfélagsmiðla og hvernig við eigum að haga okkur á þeim. Samfélagslöggurnar eru hluti af fræðslu- og forvarnahrerferð í samstarfi við Neyðarlínuna gegn stafrænum birtingarmyndum ofbeldis hjá unglingum. Þessu til viðbótar kynntu þeir nýtt app 112 og Bergið headspace. Einnig fóru þeir yfir starf lögreglumannsins og sýndu nemendum allan búnaðinn sem vakti mikinn áhuga. Við þökkum samfélagslöggunum kærlega fyrir heimsóknina og fræðsluna.



Vikubrét frá árgangateymi

Vikulega, ýmist á mánudögum eða föstudögum, senda kennarateymi vikubrét til foreldra og forráðamanna um komandi viku og það helsta sem er á dagskrá. Við viljum vekja athygli á þeim og minna foreldra á að inni á Mentor, undir *Upplýsingaveita* - fréttir er hægt að skoða vikupóstana. Nokkur árgangateymi senda líka í vikubrét í tölvupósti. Smá saman erum við að færa okkur alfarið yfir á Mentor.



Námsvefurinn okkar

Inn á námsvef Vatnsendaskóla er að finna allar kennsluáætlanir ásamt áhugverðu efni sem nemendur og foreldrar geta nýtt sér.

Smelltu [hér](#) til að skoða námsvefinn okkar.



VATNSENDASKÓLI